EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-7600

Rekstraraðili	Tegund starfsemi	Leyfisnúmer:
Arnarlax ehf. kt: 5803100600	Grunnvatn	UOS-2025-L026-01 **Gildistími leyfis** 30. júní 2055
Starfsstöð Gileyri	**Tegund eftirlits** Reglubundið eftirlit	**Dagsetning eftirlits** 5. október 2026
Starfstöðvarnúmer: ET-0248	**Eftirlitsmaður** Auður Eyberg Helgadóttir	**Útgáfudagur skýrslu** 17. nóvember 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
Silja Baldvinsdóttir	Gæðastjóri
Albert Almer Cid	Stöðvarstjóri
Brage Lien	

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit komu fram tvö ný frávik: 1) Vöktunaráætlun var ekki skilað inn til Umhverfis- og orkustofunar innan þriggja mánaða frá gildistöku nýtingarleyfis. 2) Vöktunarskýrslu með upplýsingum um upptöku og nýtingu árið 2025 hefur ekki verið skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit nýtingarleyfis fór fram hjá Arnarlaxi í Gileyri, þann 5. október 2026.

Rekstraraðila er heimil allt að 300l/s meðalnýting yfir árið af fersku grunnvatni. Leyfileg hámarksnýting á hverjum tíma er 500 l/s.

Á svæðinu eru 24 borholur, 6 rannsóknar borholur, 9 heitavatns borholur og 9 kaldavatns borholur. Gengið var um svæðið og borholur skoðaðar, engar borholur eru með sírita eins og áskilið er í vöktunaráætlun. Samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili skilaði inn, er gert ráð fyrir síritun á rennsli, vatnshita og rafleiðni (seltu) vatns sem er dælt upp úr vinnsluholum. Vöktunarskýrslu sem sýnir þessar upplýsingar hefur ekki verið skilað inn og er það því frávik frá grein 2.3 í nýtingarleyfi.

Framtalsblaði var skilað inn fyrir 1. maí sl., það var ófullnægjandi því í því eru ekki upplýsingar um upptöku úr hverri borholu.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 1.4 í nýtingarleyfi	Frávik skráð: 5. október 2026 Vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfis- og orkustofnun samþykkir, skal vera í gildi *Leyfshafi skal skila til Umhverfis- og orkustofnunar til samþykktar áætlun um tíðni og fyrirkomulag innra eftirlits og vöktun á áhrifum nýtingar innan þriggja mánaða frá gildistöku leyfis. Leyfið tók gildi 30. júní 2025. Vöktunaráætlun barst 12. mars 2026 og er fráviki því lokað.*	Lokað
gr. 2.3 í nýtingarleyfi	Frávik skráð: 5. október 2026 Rekstraraðili skal senda Umhverfis- og orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um upptöku og nýtingu auðlindar fyrir undangengið almanaksár. *Fullnægjandi vöktunarskýrsla með upplýsingum um upptöku og nýtingu auðlindar hefur ekki borist Umhverfis- og orkustofnun fyrir árið 2025.*	Opið

Lagagrunnur eftirlits

Umhverfis- og orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum, sbr. 1. mgr. 21. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Um vernd og eftirlit gilda einnig lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. XIII, kafli laganna.

Umhverfis- og orkustofnun annast veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa, sbr. 4. og 6. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Um veitingu og afturköllun leyfa fer skv. VIII. kafla laganna.

Umhverfis- og orkustofnun getur kallað eftir gögnum um nýtingu auðlinda. Leyfishafa er skylt að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests. Stofnuninni getur beitt dagsektum til að knýja á afhendingu gagna, sbr. 2. mgr. 21. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Athygli er vakin á að brot gegn lögum þessum getum varðað stjórnvaldssektum, sbr. 35. gr. l. nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 22. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár nr. 1033/2025.